



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2017.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna), 148. löggjafarþing 2017 -2018. Þingskjal nr. 51 – 51. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum almannatryggingar. Með frumvarpinu er lagt til að greiðslur til ellilífeyrisþega verði ekki skertar vegna atvinnutekna.

MRSÍ telur breytinga þörf frá því sem nú er. Þó gengið sé út frá því að hver og einn skuli sjá sér farborða og stuðningur ríkisins komi ekki til nema viðkomandi sé ófær um það, þá verður og að taka tillit til þess að engin hvatning er til staðar fyrir þá sem enn vilja vinna og hafa getu til, ef greiðslur frá almannatryggingum skerðast við nánast allar þær atvinnutekjur sem til koma svo sem nú er. Óumdeilt er, líkt og greinargerð með frumvarpinu bendir á, að áframhaldandi vinna eftir að ellilífeyrisaldri er náð eykur möguleika aldraðra til að bæta kjör sín, stuðlar að betri heilsu, dregur úr einangrun og hefur almennt mikið félagslegt gildi. Því telur MRSÍ að hið minnsta beri að hækka frítekjumörk verulega.

Gerir skrifstofan ekki aðrar athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri